

Nr. 059 / 11 Ási RE 52

Eldur í vél og dreginn til hafnar

Skipaskr.nr. 5843
Smíðaður: Hafnarfirði 1977 plast
Stærð: 4,1 brl. 3,9 bt.
Mesta lengd: 8,01 m Skráð lengd: 7,39 m
Breidd: 2,29 m Dýpt: 1,28 m
Vél: Perkins 122 kW 1998
Fjöldi skipverja: 1

Gögn:
Gögn RNS



Ási©Útgerð

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 4. nóvember 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 5. maí 2011 var Ási RE 52 á siglingu á Faxaflóa. Veður: Hægviðri.

Báturinn var á útleið og þegar komið var um 15 sml NV af Gróttuvita varð skipstjóri var við óeðlileg hljóð frá vélinni og jafnframt dró niður í henni. Tók hann eftir að mikinn reyk lagði frá vélinni og stöðvaði hann þá hana. Skipstjórinn reyndi að slökkva eldinn með duftslökkvitæki og óskaði eftir aðstoð.

Varðskipið Baldur kom að Ása RE og aðstoðaði við að slökkva eldinn endanlega en björgunarbáturinn Halla Jónsdóttir dró bátinn inn í Kópavogshöfn. Þyrla hafði einnig verið sett í viðbragsstöðu (útkall B).

Í ljós komu m.a. skemmdir á köplum og túrbínan eyðilagðist.

Við rannsókn kom fram:

- að fæðirör frá eldsneytisælu inn á brennsluólúsíu fór í sundur og úðaði olíu upp á vélina og túrbínu. Þetta rör er affall frá spíssum og lá rétt við pústgreininna. Rörið var kónað með ró og fór það í sundur við beygju rétt fyrir ofan kóninn;
- að rörið var 8 mm bremsurör (stál) 55 sm langt. Það var mánaðar gamalt;
- að rörið sem hafði verið áður hafði verið endurnýjað sökum ryðs;
- að sögn viðgerðarmanns var rörið af viðurkenndri gerð og að hans mati allur frágangur eðlilegur. Hann sagði einnig að ekkert óeðlilegt hafi sést í

brotinu á rörinu og taldi sennilegast að það hafi farið í sundur vegna titrings. RNS óskaði eftir að fá rörið en því hafði þá verið fargað;

- að skipstjórinn vildi meina að ekki væri neinn sérstakur titringur á þessu röri;
- að ekki var mikill þrýstingur á þessu röri en mikil olía var komin niður í kjalsog;
- að við endurnýjun á fæðurörinu var sett vírofin gúmmíslanga;
- að sjálfvirk dæla var í vélarúminu en hún reyndist óvirk vegna óhreininda;
- að aðvörunarkerfi virkaði;
- að skipstjórinn notaði tvö dufthandslökkvitæki á eldinn. Hann taldi að skjót viðbrögð með þeim og það að einungis hefði verið opnuð lítil rifa á vélarúmshlerann hefði komið í veg fyrir meira tjón.

Nefndarálit:

Orsök þess að eldur varð laus var að nýlegt fæðirör frá eldsneytisdælu fór í sundur.